


✉ Umsókn Íslenska kalkþörungafélagsins ehf. um leyfi til tilraunatóku úr Kalkþörungaseti í Ísafjarðardjúpi

Búið til	11.3.2020 14:05:48
Höfundur	Trausti Baldursson
Sent	11.3.2020 14:05:47
Tilheyrir	 202003-0002 - Beiðni um umsögn um umsókn Íslenska kalkþörungafélagsins ehf. um leyfi til tilraunatóku á kalkþörungaseti af hafsbotni á tveimur svæðum í Ísafjarðardjúpi

Efni

Umsókn Íslenska kalkþörungafélagsins ehf. um leyfi til tilraunatóku úr Kalkþörungaseti í Ísafjarðardjúpi

Upplýsingar

Vinnsla

Sent	11.3.2020 14:05:47	Staða	Imported
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42-0 Umsagnir almennt		
Lykilorð			

Þátttakendur

Frá	Trausti Baldursson - NI (Trausti.Baldursson@ni.is)
Til	os@os.is

Innihald

Málsnr. 2020030002

Vísað er til bréfs frá Orkustofnun, dags. 10. febrúar sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um umsókn Íslenska kalkþörungafélagsins ehf. um leyfi til tilraunatóku á efni úr kalkþörungaseti af hafsbotni á tveimur svæðum í Ísafjarðardjúpi. Um er að ræða að fyrirtækið óskar eftir nýju leyfi á sömu forsendum og með sömu afmörkunum og leyfi sem gefið var út 2015 en ekki tókst að nýta. Beiðist er velvirðingar á því hvað það hefur dregist að svara erindinu sem stafar m.a. af því að verið er að uppfæra skjalakerfi stofnunarinnar.

Náttúrufræðistofnun hefur farið yfir málið og gerir ekki athugasemd við að fyrrgreint leyfi verði „endurútfengið“ á sömu forsendum og áður sbr. leyfi sem fylgir erindinu. Stofnunin vísar þó jafnframt í meðfylgjandi umsögn Náttúrufræðistofnunar um frammatsskýrslu vegna mats á umhverfisáhrifum á efnisnámi kalkþörungasetis á vegum Íslenska kalkþörungafélagsins ehf. í Ísafjarðardjúpi. Þar kemur m.a. fram að skortur er á ýmsum rannsóknum öðrum en þeim sem snúa að „efnisgæðum“ kalkþörungasetisins. Álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum liggur ekki fyrir eins og kemur fram í bréfi Orkustofnunar. Með því að gera ekki athugasemd við að veitt sé heimild til rannsókna/tilraunatóku þá felst ekki í því afstaða Náttúrufræðistofnunar til vinnslu á kalkþörungaseti úr Ísafjarðardjúpi. Afstaða Náttúrufræðistofnunar til framangreinds leyfis byggir á því að það er mat stofnunarinnar að það sé ekki líklegt að efnistaka á því magni sem leyfið á að ná til valdi varanlegum neikvæðum áhrifum á m.a. lífríki á svæðinu.

Virðingarfyllst,

Trausti Baldursson
Náttúrufræðistofnun Íslands
Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8
210 Garðabær
Sími/Tele: 590 0500
Email: trausti@ni.is (<mailto:trausti@ni.is>)



Viðhengi

20180612130700778.pdf (501 KB)

image001.gif (2 KB)

image001.gif (2 KB)